

## Tillaga til ályktunar

– Dómstólar –

### Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að skipaður verði starfshópur sem fer yfir skipulag dómstólakerfis KSÍ og um leið samninga – og félagaskiptanefnd KSÍ og geri hópurinn tillögur til úrbóta og leggi fram í tillöguformi fyrir ársþing 2025. Skal hópurinn skipaður lögmönnum þar sem KSÍ tilnefni 2 fulltrúa og ÍTF tilnefni 2 fulltrúa. Lögfræðingur KSÍ verði hópnum innan handar sem starfsmaður.

### Greinargerð

Umhverfi knattspyrnunnar hefur breyst til muna undanfarin ár. Álitamálin eru fleiri og umfang mála hefur aukist til muna. Fjárhagslegir hagsmunir aðila af niðurstöðum mála skipta orðið meira máli og álagið á þá sem málum sinna eftir því.

Meginþorri mála er einfaldur að sniðum og ætti að vera hægt með tiltölulega einföldum hætti að afgreiða þau mál.

Með aukinni snjallvæðingu og upptöku leikja er viðbúið fleiri tilvikum þar sem ágreiningur um réttmæti ákvarðanatöku dómara. Tryggja verður að hægt sé að taka ákvörðun í slíkum málum hratt. Fordæmi eru fyrir því að seinangangur í ákvarðanatöku dómstóls hafi leitt til þess að aðili var ekki talinn hafa lögmæta hagsmuni af niðurstöðu máls. Hafði aðili borið brögður á réttmæti rauðs spjalds sem hann hafði fengið. Í framhaldi mátti sá aðili afplána einn leiki í banni án þess að þurfa þess í raun og veru.

Þá er spurning hvort að aga- og úrskurðarnefnd KSÍ sé nægilega lýsandi og skýrt hugtak yfir það sem nefndinni er ætlað að standa fyrir. Niðurstöðum nefndarinnar er hægt að áfrýja til Áfrýjunardómstóls. Er aga- og úrskurðarnefndin þá dómstóll eða nefnd? Hver er nákvæmlega starfssvið hennar?

Samninga- og félagsskiptanefnd hefur og tekið ákvarðanir í málum sem varða beina fjárhagslega hagsmuni aðila. Fram kemur í lögum KSÍ að úrskurðir nefndarinnar um ágreiningsefni séu bindandi fyrir deiluaðila. Er þannig aðilum ómögulegt að áfrýja niðurstöðum nefndarinnar.

Hér er aðeins tæpt á fáeinum atriðum sem sýna fram á þörf fyrir endurskoðun dómstólakerfis KSÍ. Um leið og vinna verður að einföldun kerfisins þá þarf að tryggja að þau mál sem þarfnast meiri athygli fái hana. Eftir atvikum að mál verði flutt munnlega fyrir dómstólum sambandsins en um leið tryggt að uni aðilar ekki niðurstöðu þá séu tiltækar áfrýjunarleiðir. Þá kann að vera rétt að skoða þann möguleika að deiluaðilar beri kostnað að hluta eða öllu leyti af umfangsmeiri málflutningi.

Stjórn ÍTF